

## AUGLÝSING

### um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í desembermánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í desembermánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið . . . . . Útborgun 8,5%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í desembermánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 30. nóvember 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Gylfi Gautur Pétursson.